

1 apríl 2017

Pælingar af ýmsum sortum.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tilgreint.



Hugleiðingar höfundar.

Tónar eru til. Þeir eru út um allt. Tónarnir gleðja. eru þarna til þess að veita fögnuð. Tónar eru næring. Þeir lífga við en eru ekki fyrir magann heldur anda mannsins. Sumir sem semja vilja um leið boða öðrum boðskap með því sem þeir eru að gera og vera með innihaldsríka textagerð sem hreyfir við og hefur vekjandi áhrif. Göfugt. Eða hvað? Ekki í öllum tilvikum. Fer eftir hvað nærir pælinguna. Sum hugsun er myrk og biksvört. Fólk vinnur út frá því sem í hjarta þess býr. Enginn sleppur. Allir lúta þar sama lögmáli. Karakter fólks mótast af því hvað hjartað geymir. Sé hjartað ekkert nema myrkur hvernig getur ljós kviknað af boðskap og hann orðið heilnæmur? Ætli myrkrið þurfi ekki fyrst að víkja? Ekkert svona er bundið hæfileikum fólks. Allir móða úr því sem þeir eiga til. Hæfileiki fólks nýtir það sem fyrir hendi er og býr til fegurð eða hreinan ljótleika. Allt eftir þanka hjartans sem ekki er sjálfgefið að sé bjartur í gegn.

Sumir laga- og textahöfundar eru merktir uppreisnarhug. Allt þeirra fas minnir á hann. Aðrir hafa ekki þetta til að bera. Frá slíkum kemur meira af logni og kyrrð. Sumum fellur slíkt vel á meðan öðrum finnst lítið til koma og vilja hasar, slagsmál átök. Og líka fá. Kringum slíkt fólk er ekki verandi. Eins og maður er stemmdur þangað vill maður leita. Fúla skapið sækist ekki svo mög í ljúfu nóturnar. Ekki fyrr heldur en það áttar sig á eigin ástandi. Þá breytist margt. Heitir: „Að vakna“.

Höfundur, hver sem er, er bara manneskja með hæfileika til að tjá sig í formi söngs og texta og eða skrifaðs máls. Ekkert merkilegt. En samt. Gjöf er gjöf. Öllum er gefin merkilegur hæfileiki. Hæfileiki grúans saman býr til fjölbreytileika mannlífsins.

Bítlarnir komu og þar fundu menn mikla hæfileika. Og til varð æði. Án fólksins, allra þátttakendanna, hvar væri þá þetta Bítlæði? Margir saman bjuggu það til og öskruðu sig hása og stöppuðu niður fótum sjálfu sér til þreyttu. Bítlarnir voru aflið sem ungt fólk horfði til. Þeir leiddu, þeir fóru fyrir, þeir báðu aldrei um, þeir voru ekki spurðir en samt dubbaðir upp í embættið „Leiddu mig“. Unglingarnir fylgdu þeim, völdu þá, ræddu um þá, heilluðust af þeim, vildu hitta þá, sjá þá, snerta þá, og þekkja privat og sumpart gerðu, en þó ekki. Fjarlægðin var of mikil. Snerting var ekki möguleg. Engin fyrirmynd í grennd við ungt fólk og það býr sér til sína eigin. Leitar að og finnur. Fann Bítlanna. Allir fylgja einhverju og hafa sinn forystusauð. Hvað skeður þegar engin er leiðtogi, verkstjóri, á, segjum, vinnustað? Hvað sjá menn? Margar verklausar hendur og verklausan vinnustað. Hverjum dytti í hug að vera með nokkurn vinnustað verkstjóraausan? Maður þarf leiðtoga. Vísbindingarnar um leiðtogann eru út um allt. Tónarnir eru bara eitt af þessu sem menn láta leiðast af. Tónarnir smeygja sér inn til hjartans.

Hljómsveitin Plantan.

Hljómsveitin „Plantan“ sést á ljósmyndinni til hægri sem eins og menn sjá er stæling af mynd Bítlanna sem birtist á hljómplötunni „Abbey Road“ sem gefin var út 1969 og sama ár og „Plöntumenn“ ganga yfir Aðalstrætið gegnt Herkastalanum. Á myndinni hefur hljómsveitin „Plantan“ verið starfandi í hálf tón og er ein Bítlahljómsveitanna sem starfræktar voru á þeim tíma.



Í þann tíð var til síðs að velta ýmsu fyrir sér kringum myndir af þessum toga og, ef hægt var, sjá táknið út úr öllu og engu tengdum myndum og textum sönglaga og er sannleikur að var.

Af mynd Bítlanna spunnust sögur og allskonar vangaveltur þess efnis að Paul McCartney væri látinn og þóttust menn sjá táknið á myndinni, sem segir okkur allt um hugann og hvernig honum er tamt að spinna upp allskonar en gerir ekki nema fá til þessu fulla heimild eigenda síns.

Ljósmyndin er sett fram í desember 1969 af Morgunblaðsmönnum til að gefa lesendum kost á að finna sín tákni út úr myndinni sem hér sést rétt eins og í gangi var með myndina utan á Abbey Road plötu Bítlanna. Hvað kom út úr þeirri beiðni blaðsins er ekki vitað. Við sjáum að það sem fjallað var um The Beatles á einum stað hafði áhrif á öðrum.

Mennirnir á myndinni eru frá hægri gítarleikari Plöntunnar Viðar Jónsson, næstur á eftir honum er orgelleikarinn Guðni Sigurðsson og á eftir honum Þórður Þórðarson

trommuleikari, þá Guðmundur Sigurðsson bassaleikari. Hvernig sem á því stendur að þá er nafn aftasta mannsins ekki getið og hefur sennilega gleymst og pistlahöfundur ekki veitt þessu athygli. En slíkt gerist í erli daganna.



Hljómsveitin „Plantan“ var með aðsetur í Kópavogi. Sögu Plöntunnar þekkir höfundur ekki en hún var talin með þeim efnilegri á sínum tíma sem spiluðu í Glaumbæ.

1987 (sjá mynd) birtist auglýsing í Morgunblaðinu sem greinir frá endurkomu Plöntunnar og hefur henni bæst liðsauki frá myndinni hér ofar: „Hljómsveitina skipa: Þórður Þóroddsson hdl. - trommur, Viðar Jónsson, sölumaður - rythmagítar, Guðmundur Sigurðsson, rafeindavirki - bassi, Guðni Sigurðsson, rafeindavirki - Hammond orgel og trompet, Þór Sævaldsson, vélfræðingur - sólógítar og flauta, Kristján Erlendsson, læknir - saxafón. Hver staða Plöntunnar er í dag þekkir höfundur ekki.

Áfram með hitt.

Falleg laglína gerir sitt gagn þó stundum sé viðeigandi að setja fram kröfur á samfélagið gegnum hana og jafnvel vera með stjórnsmál í textum. Margir hafa þó lent illa í þessu og endað bak við lás og slá. Þetta fólk þótti full djarfmált í söngtextum sínum. Þó ekki svo mjög í lýðræðisríkjum frekar einræðisríkjum sem alltaf eru á varðbergi gagnvart öllu sem kemur gegn því sem einræðið fæst við og við vitum að er margt vont sem þolir illa umræðu og bregst oft við henni með harðri hendi. Fyrirmynd öll býr í kirkjunni. Er Kristur þar enda ráðandi og ríkjandi. Kirkjan lýtur ákveðinni reglu sem mönnum er gert að lúta. Reglur kirkjunnar eru ekki til umræðu. Þær allar má finna í Biblíunni og þurfa ekki að vefjast fyrir nokkrum manni. Hrokinn er því settur til hliðar en mönnum gefið færi á að koma aftur, losi þeir sig við hann. Samt er allt breytt hjá viðkomandi og ekkert verður eins og áður var. Daglegt líf er alvörumál. Það þarf að vanda og nota daginn í til.



Myndin til hægri er frá árinu 1969. Hvort menn væru svona fjölbærir á hljóðfæri í þá daga mann höfundur ekki en höfundur myndarinnar er að sjá alltént inn á því að svo sé.

Hvað um það að þá er söngur og laglína eitt öflugasta tæki sem menn fá beitt fyrir sig með burði til að hafa áhrif á stóran hóp fólks á sama tíma og stað. Hve mörg dæmi þess höfum við ekki í hendi? Höfundur er ekki einn um að hreinlega elska tónlist og alla góða og vel flutta og gerða tónlist og hverja sem er.

Baráttusöngvarinn.

Margir hafa verið beittir í sínum textum gegnum tíðina þó höfundur viti ekki deili á þeim öllum og reyndar fæstum. Samt er þessi hópur þarna með. Tvo getur hann þó nefnt og er annar Bob Dylan og hinn John Lennon eftir að hann steig fram og hóf að semja söngva og gera texta með konu sinni Yoko Ono sem má flokka undir baráttusöngva og gerðist eftir allt Bítladæmið var að baki. Sjálfir eiga Bítlarnir nokkra söngva sem vel má flokka undir baráttusöngva. Höfundur upplifir sig þó verulega blankan er kemur að þessum efnivið því sannast sagna hefur hann ekki velt akkúrat þessu máli mikið fyrir sér en gæti samt verið áhugavert að skoða. Svona til að fylla betur upp í sögu og eyður. Sagan þarna sem annarstaðar mannlífsins geymir mikla flóru og breiða og alla tengda fólki, hegðun fólks, hæfileika fólks og verk fólks.

Í flokki baráttusöngva leynast áreiðanlega mörg fögur blóm. Þó Pönkið hafi verið talið róttækt og sinn boðskapur inn í samtímann nær höfundur samt ekki að tengja það sem þar gerðist við alvöru baráttusöngva, með allri virðingu fyrir Pönkinu. Pönkhljómsveitin samanstóð í hans vitunda af fólki að rífa kjaft. Máski röng ályktun en samt það sem hann sér við að horfa á Pönkið. Hafði samt gaman að sumu Pönki þó ekki líti hann á það sem umbreytandi baráttusöngva heldur söngva reiðra manna og kvenna að, eins og áður segir, rífa kjaft. Reiðin er í eðli sínu ekki afl til breytinga heldur er til lengdar leiðinleg. Alvöru baráttusöngur bendir á það sem betur má fara með jafnvel lausnir, sem líklega eru samt fáar í söngtextum af baráttumeiði. Og er það ekki sannleikur að léttara er að benda á en koma með haldgóða lausnir?

Íslendingar eiga auðvitað sína baráttusöngva og ætli „Maístjarnan“- (sjá mynd til hægri) sé þar ekki okkar þekktasti baráttusöngur. En hún er sunginn 1 maí árlega á frídegi verkamanna 1 maí ár hvert.

Höfundur „Maístjörmunnar“ er sem kunnugt er þjóðskáldið sjálf herra Halldór Kiljan Laxnes. Jón Ásgeirsson tónskáld gerði fallett lag við kvæði Halldórs. Bubbi Morthens hefur gegnum tíðina gert baráttusöngva og líklega þá flesta hin síðari ár. Að öðrum ólöstuðum.



2017 eru um 80 ár eru liðin frá því skáldið orti kvæðið sem þá hét: „Seinasti apríl“ og var birt án höfundarnafns í bókinni „Í húsi skáldsins“- þriðja bindi. Ljóðið birtist fyrst í dagblaði 1 maí 1936 á aftari kápu mál gagns Ungra Kommúnista „Rauða fánanum“. Ekki er annað að sjá en „Maístjarnan“ hafi lengi verið tengt við frídag og baráttudag verkalýðsins á Íslandi 1 Maí. Maístjarna Halldórs K. Laxnes og lag Jóns Ásgeirssonar er tignarlegt verk saman.

Erlendir baráttusöngvar.

Kannski var „Give Peace a Chance“- sem út kom 4 júlí í Bretlandi árið 1969 með „Plastic Ono Band“-, helsti baráttusöngur Lennons og Yoko Ono á ferli þeirra og máski fyrsti söngur þeirra saman sem merktur er honum og Yoko eftir að Bítlarnir strangt til tekið voru hættir samstarfi þó en hafi það ekki gerst með formlegum hætti en skeði endanlega með yfirlýsingu Sir Paul McCartney árið 1970. En það var fáeinum mánuðum eftir útgáfu lags Lennons og kannski einu ári síðar. Samt er ekki annað að sjá heldur en að Bítlarnir hafi verið hættir talsvert á undan yfirlýsingu Sir Paul. Sé allt merkt aðgerðarleysi vikum og mánuðum saman

að hvað er það annað en að vera hættur störfum? Lennon gaf sína yfirlýsingu út ári á undan Paul og kannski um svipað leiti og söngurinn „Give Peace a Chance“ er að koma út. Yfirlýsing Pauls kom sem kunnugt er í apríl 1970 og þótti þá stærsti og merkilegasti viðburður tónlistarsögunnar á þeim tíma. Vel má taka undir þetta. Og hvort hún væri ekki stór. Heimur allur nötraði undan.

„Give Peace a Chance“ –

Um miðjan desember 1969 steig fram einn baráttusöngvari þess tíma að nafni Pete Seeger við marmarasúluna sem reist var í Washington til heiðurs fyrsta forseta Bandaríkjanna, George Washington, og tilkynti þar þessum 250 000- manna hóp sem þar var, hálf milljón manna- segir á öðrum stað, að friðarhreyfingin í heimunum hafi eignast nýjan baráttusöng. Þá voru í gangi mótmæli í Washington og lag Lennons og Yoko flutt af Pete þessum sem stóð á sviðinu með grúann fyrir framan sig og mannhafið. Við orð baráttusöngvarans um að friðarhreyfingin hafi eignast nýjan baráttusöng, þyrptist allt hitt fólkið á staðnum að súlunni í garðinum og hóf brátt fjöldasöng og söng hver með sínu nefi orðin „Al we are saying. Is give peace a chance“- sem hljómaði þarna um og yfir allt nágrennið.

Sjálfur sagði Pete árið 1981 í viðtali við sig um atburðinn að aldrei áður hafi hann spilað fyrir svo marga eins og var þarna. Pete sagðist ekki vita fjöldann en nefndi hundruð þúsunda manna, kvenna og barna. Tölur eftir á að hyggja eru svolítið á reiki en samt greinilegt að fjöldinn var gríðarlegur. Eftir að söngurinn var hafin og fólkið búið að læra textann, Peter söng hann nokkrum sinnum, stukku á svið með Peter þau Peter, Paul and Mary sem þá voru vel þekkt tónlistarfólk og hófu að syngja með honum á sviðinu. Að nokkrum tíma liðnum birtist annar maður með þeim upp á sviðinu og heitir sá Mitch Miller og hóf að veifa höndum sínum eins og engin væri morgundagurinn. Fólkið fyrir framan byrjaði að sveigja sig allt og beygja. Fánar mótmælagöngunnar hófust á loft og blöstu við þarna í mannhafinu og sáust vítt breytt út um allt svæði og gerði skemmtilegan svip á umhverfið. Sumir höfðu lítil börn á öxlum sér. Allt var þetta afskaplega áhrifarík sjón að verða vitni að, að álitnið Peter Seeger sem lét og hafa eftir sér að atvikið við marmarasúluna í desember 1969 hafi varanlega breytt sér og að hann hafi aldrei aftur orðið sami maður. Máski, líklega, er Peter Seeger með fyrstu mönnum til að syngja opinberlega „Give Peace A Chance“- eftir Yoko og Lennon ásamt grúanum þennan dag við marmarasúluna til heiðurs fyrsta forsetanum sem á einum stað segir að hafi gerst 15 nóvember en öðrum um miðjan desember, sem höfundur hallast á að sé rétta dagsetningin. Erfitt að vera nákvæmur rekist dagsetningar hverja á aðra.

(Pete Seeger er Bandaríkjamaður og fæddur 3 maí 1919. Hann andaðist 27 janúar 2014. Hann gerðist meðlimur þjóðlagabandsins „Weavers“ sem voru settir á svartan lista í tíð McCarthers og hreinsannan sem hann stóð fyrir í Bandaríkjunum eins og frægt varð og ekki síst vegna upptöku þeirra á söng Lead Belly sem heitir „Goodnight Irene“

Mitch Miller, sem þarna kemur fram, er líklega Bandaríkjamaðurinn, söngvarinn, tónlistarmaurinn og plötuútgefandinn Mitch Miller sem fæddist 4 júlí 1911 og dáinn 31 júlí 2010 og var þá orðinn 99 ára gamall. Hann gaf sjálfur út á árunum milli 50 og 60 fjórar hljómplötur. Beðist er velvirðingar á reynist ekki um sama mann að ræða og steig á sviðið hjá Peter Seeger. Stundum getur verið erfitt að finna heimildir sem passa saman nema þá þekkjja efniviðinn betur. Sem er auðvitað alvöru söguskoðun en talsvert tímafrek.)

Þessi baráttusöngur Lenns og Yoko er að flestum talin ólíkur öðrum baráttusöngvum sem þá voru við lýði og bent á söngva á borð við „Marseillaise“- og „We Shall Over Come“- sem báðir byggja á gömlum grunni og að hafa lifað sem arfleifð genginna kynslóða og öndvert við söng Lenns og Yoko sem er nýr og hjónin sömdu á Queen Mary- hótelinu í Montreal um vorið 1969. Máski voru þau um borð í skipinu sem gekk milli Liverpool og New York á fjórða áratug seinustu aldar. Því skipi alltént var komið fyrir á vissum stað og gert að hóteli sem samkvæmt vitund höfundar er enn rekið sem fínasta hótél.



Á hótelinu sem þau bjuggu á var komið fyrir átta rása segulbandstæki og lagið tekið upp þar. John Lennon og Tommy Smothers léku á gítar og Yoko Ono sló á kómmóðu sem var þarna. 40 manna kór söng með. Þarna fékk hljómsveitin „Plastic Ono Band“ fyrst nafn sem John og Yoko ætluðu sér að nota á plötur sínar sem þau gæfu út án hinna Bítlanna. Nafnið “Plastic Ono Band“ virðist ekki hafa verið notað reglulega og má sjá það bera við svona annað veifið á ferli þeirra hjóna en samt ekki verið lagt niður því 2013 gaf Yoko Ono út plötu sem hefur þetta nafn Plastic Ono Band ásamt nafni hennar.

The Beatles.



Hljómplatan „Abbey Road“- er svansöngur Bítlanna. Er farið var af stað með verkefnið var öllum hljómsveitarmeðlimum orðið ljóst að Bítladæmið væri að komast á enda. Sagði Ringo við það tækifæri að sú fullvissa hans hafi verið honum viss léttir og að við gerð plötunnar hafi ríkt gleði yfir þessum málalokum og allir sem einn keppst við að láta verkið heppnast sem allra best og gerðist með því að hver og einn af þeim lagði sig allan fram um að sem best tækist til. Þetta hugarfar piltanna svo sannarlega skilaði sér í árangri. Abbey Road er með þeirra betri hljómplötum. The Beatles skiluðu af sér góðu búi í tónlistarlegu tilliti. Víst er um það.

Höfundur hyggur að söngurinn „Ballad of John And Yoko“ sé raunverulega samin eftir að ljóst var í hvað stefndi hjá The Beatles þó hann sé eitt Bítlalaganna og Lennon/McCartney skráðir höfundar fyrir laginu og það gefið út undir merki The Beatles. Segir enda sagan að aðeins McCartney og Lennon hafi unnið lagið saman en ekki hinir tveir með þeim. Þetta lag telur höfundur vera með betri söngvum Lenns á ferð sinni með Bítlanum.

Kirkjan og baráttusöngurinn.

Sjöundi og áttundu áratugir seinustu aldar voru svolítið merktir baráttusöngvum þó baráttusöngvar hafi fylgt mannkyni gegnum alla söguna. Þó má segja að kirkjan slái þessu algerlega við því sannleikurinn er að hún hefur frá stofndegi haft innan sinna vébanda baráttusöngva, ekki samt fyrir breytingum á heimsins skipulagi heldur að menn komi yfir til kirkjunnar og njóti alls sem hún hefur upp á að bjóða. Engum er heimil nein breyting á skipulagi kirkjunnar sem kemur gegn boðskap Biblíunnar. Þeir sem tilheyra kirkju og eru tónlistarmenn með hæfileika til að semja söngva og texta er allir þannig uppbyggðir að vera vekjandi sem er í eðli baráttusöngva að vera ásamt því að hafa með sér skíran boðskap um að nálægja sig Guði, og að þá muni hann nálægja sig fólkinu. Krossinn og verkið á krossinum er ekkert annað en baráttusöngur hjá þeim sem um hann fjalla í textum og söngvum. Til eru fjölmargir slíkir sem hvorki ég eða þú fáum leið á. Áherslur og aðferðir eru samt ólíkar.

Kristur horfir ekki til í breytinga á heimskerfinu sem hann segir sjálfur um að muni líða undir lok og ríki hans rísa upp úr rústum hins. Hann beinir öllum sínum kröftum að boðuninni um frelsun mannsins sem þá verður með í þessu nýja og hann einn gefur og ræður öllu um hverjir þar fá vist. Að fólk þurfi að frelsast er borðskapur kirkjusöngvanna gegnum alla kirkjusöguna.

Ekki er samt svo að skilja að öruggt sé að kirkjunnar fólk líti sjálft söngva sína þessum augum, það er að segja sem baráttusöngva, þó þeir séu ekkert annað. Kristnir boða alltaf Krist með því sem þeir gera. Hafa þeir enda þá trú að hann sé svarið sem heimur þarfnist á meðan hitt fólkið svona sér annað og að gera þurfi breytingar hér og hvar á kerfinu sem það hefur sjálft byggt upp og komist að raun um að sé meingallað kerfi. Í kerfi manna hefur verið sí stagað og samt allt hriplegt enn. Kerfið sem kirkjan býr við stendur á grunni sem ei haggast öndvert við skiplag manna sem allt er byggt á sandi og er svarið inn í hví gangi svo illa að koma almennilegu skipulagi á sem öllum fellur í geð. Kirkjan ræðir ekki skipulag sitt við nokkurn mann. Segir enda trúin Guð fullkominn. Hvar er þá umræðugrundvöllurinn? Hann er ekki fyrir hendi. Menn fylgja eða fylgja ekki. Um þetta og margt annað fjalla baráttusöngvar kristna fólksins með hæfileika til að semja, syngja og flytja frumsamin lög.

Báðir hóparnir eiga það sameiginlegt með sínum baráttusöngvum að vilja sjá breytingar verða í kringum sig sem bætir líf þeirra sjálfra og annarra í kring. Áherslur og aðferðarfræði er ekki sama hjá kirkju og heimi. Kristnir vita hvað þeir eru að boða öndvert við hina sem vilja en vita ekki hvernig skuli gert né heldur hvað komi í staðin fyrir hitt sem fólkið vill burt. Þetta er á hreinu í ranni Drottins og með hans fólki. Það boðar Jesú sem lausnara allra mála. Er það rangt verkslag? Svari hver fyrir sig. Höfundur segir: „Nei, það er ekki rangt“.

Margir á einu sönnu mótmælaárum frá svona 1967 og vel farm á áttunda áratug seinustu aldar voru flestir á einn og annan hátt hallir undir vinstri væng stjórnmalanna og mærdi sumt sem kommar og aðrir álíka hópar gerðu. Og svo sem sögðu það sem þeir vissu best um málið en áttuðu sig ekki á öllu harðræðinu sem fólk í þessum kommúnistalöndum oft mátti þola. Það vissi ekki betur. Baráttumenn innan veggja kirkjunnar gera ekki svona heldur það eitt sem þeir eru vissir um hvað það sé sem þeir boði og trúá sjálfir á og lifa eftir í daglegu lífi sínu og hafa reynt af góðu einu á sér sjálfum og þeim sem í kring eru. Þetta er boðunin: „Ég veit og líka þess vegna tala ég“. Nú eða syng. Ef væri ég söngvari.

Samt er það svo með blessaða tónanna að fólk vill fá ráðið því svolítið sjálft hvenær og hvort það hlusti á tónlist og hverskonar tónlist það vilji heyra sem og getur verið misjafnt milli daga. Smekkurinn breytist með manneskjuni. Fer eftir því hvernig hún er stemmd. Tónlist er og verður áfram persónubundin sem menn helst, sé möguleiki á, fái að stjórna sjálfir og hver fyrir sig á hvað sé hlustað.

Kórinn og orgelið í kirkjunni er fínt form en hentar ekki öllum. Bæði formin boða sama og hafa uppi baráttusöngva fyrir Krist og kerfi hans meðal manna. Ekki, aldrei, heimskerfinu sem hvort eð er fer og er því bara tímaeyðsla að vera að þúkka upp á né eyða mikilvægum tíma sínum í. Aftur sjáum við hvernig kirkjan leiðir þó máski öðrum en henni sé þakkað. Tónlist er víða notuð og er að finna sem vonlegt er á mörgum stöðum og líka innan veggja kirknanna.

Plötusafnið hefur burði til að vera einstaklingsbundið safn en ekki bein eign allrar fjölskyldunnar, þó vel geti verið og sennileg niðurstaða að fleiri en einn notfæri sér safnið á meðan einstaklingurinn enn býr í foreldrahúsum. Sama gildir um bókasafnið að þar er oft einn ákveðinn einstaklingur sem sinnir því. Af þá áhuga. Strangt til tekið eru þessi mál með

Þessum hætti vaxinn. Það er að segja þar sem um eitthvað alvöru bókasafn er að ræða með öðru en einnota bókmenntum. Allt staðfesting um háa og breiða mannlífsflöru.

Þó margir máski fáist við svipað form er samt alltaf um eilítinn blæbrigðarmun að ræða sem setur svip eiganda síns á verk. Kannski þarf til glöggt auga og eyra til að heyra mun. Þjálfað eyra sem lengi hefur verið í tónlist er fljótt að greina sundur og nafngreina eigendur. Líka það er einstaklingsbundið og hæfileiki til að greina misjafn. Hvert og eitt okkar er sérstakur einstaklingur hlaðin sérstökum hæfileikum.

Stundum er hið eina sem fólk vill er að fá að sitja í þögn og njóta þagnar. Stundum er það hvíldin mesta fyrir fólk að lifa slík andartök. Svo sjaldan sem því happi er orðið að fylgja.

En hvað er þögn? Þögn er þegar þú upplifir engin manngerð hljóð. Þau sem náttúran framleiðir af hljóðum er sinn partur af þögn og sértu í réttri stemmningu að þá nýtur þú allra þeirra hljóða sem hún gefur, kannt að meta þytinn af vindinum sem smeygir sér gegnum greinar trjáa að baki þér, fuglinn sem flaug upp skammt þar frá þar sem þú varst staðsettur með sínum tíða vængjaslætti og á eftir sérstaka hljóði sem þú mögulega þekkir og veist hvaða fugl söng þarna fyrir þig. Allskonar svona gefur af sér frið og er fylgifiskur þagnar sem við, sum okkar alltént, sækjumst annað veifi í en samt allt of margir kynnast aldrei af því einu að leiða ekki að hugann. Svona lagað er ekki gerlegt nema langt utan byggðra bóla sem, sem betur fer, er nóg til af á Íslandi þó alltaf sé verið að þetta byggðarkjarnanna sjálfa og þykir víst hagkvæmni af fyrir allan rekstur bæjar- og sveitarfélaga, og er líklega rétt hjá þeim sem slíku halda fram. En hvíleið er þessi byggðapétting.

Menn sem leita þagnar í náttúrunni sækjast ekki á sama tíma eftir tónlist þar sem þeir eru staddir. Bæríst hún er allt eins víst að fólkið liti hana sem hverja aðra truflun. Líka sannur tónlistaunnandi. Hjá öllum koma andartök þar sem fólkið vill annað en þetta venjulega. Er þetta ekki líka með þessum hætti gert þetta blessaða líf okkar að við viljum sjálf fá að stjórna allavega hluta þess? Held að menn geti vel tekið undir svona fullyrðingu.



Fyrstu Bítlatónleikarnir á Íslandi.

Myndin til vinstri er úr dagblaðinu Tímanum frá 6 mars 1964 af fyrstu Bítlatónleikunum sem fram fóru í landinu og haldnir í Háskólabíói. Þá hlaut hljómsveitin Hljómar, sem þar komu fram, ásamt þremur öðrum böndum, viðurnefnið „hinir íslensku Bítlar“ og héldu því nafni lengi og hefur raunverulega aldrei farið af hljómsveit þeirri. Þó Hljómar séu ekki mikið sýnilegir í dag að þá eru þeir samt enn til og aldrei verið lagðir niður. Hljómar gáfu út nokkra breiðskífur á ferli sínum. 2003 og 2004 kom frá Hljómum tvær ágætis hljómplötur. Höfundur veit ekki til þess að fleiri hljómplötur frá hljómsveitinni Hljómum hafi bæst í hópinn eftir það. Átt við með nýju efni.

5 mars 1964 er kominn þokkalegur hiti hér uppi á Íslandi í unga fólkið af völdum drengjanna austur í Liverpool borg sem stofnuðu og ráku hljómsveit að nafni The Beatles og varð formlega til og stofnuð fjórum árum fyrr en verið starfandi nokkru lengur undir ýmsum nöfnum til að byrja með. Hitinn af bylgjunni frá þessu Liverpoolska bandi og sá dans allur hófst um ári á undan og tók smá tíma fyrir íslensk ungmenni að skynja áhrifin af sem óhjákvæmilega hlutu að ná yfir hafið og til eyjunnar langt í burtu sem innan við tvö hundruð þúsund manneskjur að líkindum bjuggu í og bæði ungir og gamlir.

Og líka gerðist. Með þessum fyrstu Bítlatónleikum sem íslensk ungmenni fengu að smakka á og þreifa á í heimalandi sínu og höfuðborginni Reykjavík kom sjálft bragðið. Sjálfur mann höfundur ekkert eftir þessum frægu tónleikum í Háskólabíói né heldur heyrði neitt af þeim fyrir en mörgum árum, áratugum, síðar. Var hann þá öðru vissi þenkjandi sem breyttist örlítið síðar er hann fyrst heyrði lag frá þessari merkilegu hljómsveit The Beatles þar sem hann þá var staddur.

1964 eru komnar út með bandinu þar eystra tvær 14 laga LP- hljómplötur og ein smáskífa, tveggja laga, frá árinu 1962. Algegn var að hljómplötur á þessum tíma væru tólf til fjórtán laga og var stundum talað um tólf laga hljómplötu og um þær beðið í hljómplötuverslunum. Höfundur er minnisstætt eitt sinn er hann gekk inn í verslun í Hafnarfirði sem meðal annarra vara seldi líka hljómplötur að hann spyr afgreiðslumann og eiganda verslunarinnar hvort platan sem hann bað um væri 12 laga og búðarmaðurinn upplýsti hann um að hún væri um klukkutíma spilverk. Fannst vera eitthvað gruggugt við að aðeins fimm söngvar voru á hvorri hlið. Var sá háttur enda kominn á að lög hljómplatna höfðu lengst nokkuð og héldu sig ekki lengur við hámarkið tvær og hálf mínúta. Þessi krafa um lengd söngva er kominn frá útvarpsstöðvunum á þessum tíma. Lagalengdin auðvitað skammtaði hve mörgum lögum væri hægt að koma fyrir á hverri LP- hljómplötu. Líka nefnd „Stór plata“. Þetta er ágætis vísbending um á hvað maður hefur vanist og segir einhverveginn við sig sjálfan að svona bara eigi þetta að vera og setur upp skriftin svip ef færri lög en sex eða sjö eru á hvorri hlið. Þarna telur hann sig hafa öðlast skilning á hvernig sumt virki og að hafnfirðingurinn í honum hafi verið settur til hliðar. Í þessu máli alltént.

Nóg um það og snúum okkur aftur að fyrstu Bítlahljómleikum á Íslandi.



Savannatríóíð árið 1964 var feikna vinsælt. Það kom fram á fyrstu Bítlatónleikum Íslandsögunnar sem fram fóru í Háskólabíói 5 mars 1964. Hér eru þeir á sviði bíósins með fullan sal af fólki fyrir framan sig.

Kíkjum inn fyrir.



Vinsælasta bítlahljómsveit landsins, Hljómur, um áramótin 1966-67.

Um áramótin 1966-1967 voru Hljómur vinsælasta hljómsveitin á Íslandi. Íslendingar vildu sína íslensku Bítla og fengu með Hljómum. Trommuleikarinn Engilbert Jensen byrjaði í bandinu 1964 og var með þeim í eitt ár og má vel vera að hann hafi þanið húðir á Háskólabíós- tónleikunum mars 1964. Samt ólíklegt að hann hafi sungið þar sem talið er um að söngvarinn hafi verið svolítið staður. Eins og menn vita þenur Engilbert húðir og syngur og gert erfitt að færa sig frá sínum trommum. Nema að söngurinn hjá honum með Hljómum hafi komið seinna til. Engilbert Jensen er með betri söngvurum íslenska poppsins.

Hvað mætir okkur inni? Jú, salur þéttsetinn fólki á öllum aldri þó mest beri á unglíngum og ungu fólki. Mikill tjöld eru dregin fyrir sviðið og sést ekki hvað á bak við þau leynist. Herlegheitin eru enn ekki hafin en styttest óðfluga í þau. Fólk gengur inn og reynir að finna sér sæti sem orðið er þröngt um. Talsverða stund tekur að

finna eitt fyrir sig. Og að því kom að öll eru upptekinn og ekki um neitt annað að ræða nema standa í ganginum sitt hvoru megin við sætaraðirnar eða fyrir aftan þær vilji maður vera með í teiti þessu. Fleiri voru komnir en sætin leifðu. Slíkur var áhugi fólksins sem greinilega var búið að átta sig á bylgjunni sem farin var af stað þarna út í Englandi og Íslendingar komnir með heim til sín og um það bil að smakka á.

Dregið var niður í ljósunum. Tjöldin færðust til hliðanna. Blasti þá við hljómsveit sem stóð þarna tilbúinn að fremja gjörning sinn með aðstoð magnarakerfisins. Sveitin hóf spilamennsku og söng og kláraði sitt prógramm og hlaut að launum í lokin ósköp venjulegar undirtektir, hressilegt klapp úr sal. Næstir sem komu fram voru ungir menn úr Keflavík og telja þeir í og slá strengi gítara sinna og trommuleikarinn húðirnar. Styrkur allur á öllu hjá þeim er talsverður og engar líkur á neinu öðru en að hvert mannsbarn í salnum hafi heyrt allt sem farm fór á sviði. Þessir sem þarna gera sínu prógrammi skil eru meðlimir hljómsveitarinnar Hljóma. Oft kenndir við Keflavík.

Hljómar voru stofnaðir úr yngstu meðlimum hljómsveitar Guðmundar Ingólfssonar af þeim Gunnari Þórðarsyni, Einari Júlíussyni og Erlingi Björnssyni. Þeir fengu til liðs við sig á trommurnar Eggert Kristinsson og á bassa Rúnar Júlíusson. Hvernig skipanin var í Háskólabíó skal ósagt látið. Greinilegt er að fólkið í salnum beið þeirra og birti salurinn þetta með afskaplega góðum undirtektum. Klæðnaður bandsins voru ökklahá leðurstígvél með nokkra sentímera háum hælum, röndóttum skyrtum og vestum. Flutningur bandsins var tilþrífamikil en söngvarinn nokkuð staður. Salurinn allur komst í mikið stuð af leik þeirra og söng og brást við með miklum hrópum og klappi. Hárgreiðsla Hljóma- manna var alveg í stíl við meðlimi hinna Ensku The Beatles, og gilti sama um allt þeirra háttalag. Á eftir þeim mættu svo Savannatríóið og voru áhorfendur til að byrja með lítt hrifnir. Þetta gerbreyttist er líða tók á prógramm tríósins og áður en yfir lauk að þá áttu þeir salinn eins og hann lagði sig, líkt og stundum er sagt, og kom fram í fagnaðarlátunum sem aldrei ætluðu að enda. Nú var komið að hléi sem einhverjir notuðu til að fá sér Kóka Kóla frammi og ef til vill poka af Poppkorni. Þeirri sívinsælu „Bíófæðu“.



Myndin til vinstri er frá tónleikunum í Háskólabíói 5 mars 1964 og er svolítið fjör farið að færast í leikinn, líkt og myndin ber með sér og var hið algenga á svona tónleikum. Bíflátónleikar án sveifla og allskonar tilfinningabirtingarmynda var vart inn í myndinni á þessum tíma og hvort sem menn kipptu sér upp við það eða væri slétt sama.

Eftir hléið stigu fram Tónar, sem var ein hljómsveitin í þann tíð, og var leikur þeirra alveg þökkalegur. Og á eftir þeim birtust Hljómar aftur á sviðið, og fór þá að færast ókyrrð í liðið, sem risu úr sætum sínum,

hrópuðu, öskruðu og klöppuðu saman lófum sínum. Einn ungur í salnum og drukkinn í ofanálag gerði þá víðreist um ganganna, sem smitaði svo hressilega út frá sér að allur salurinn fór að iða og stóð svo um stund. Dyraverðir á staðnum fannst öll þessi ókyrrð vera orðin óþægileg og vildu stöðva ferðalag fulla kallsins um ganga bíósins, en kauði vildi hvorki fara né hætta uppátæki sínu. Lauk leiknum um síðir og kauði settur útfyrir með aðstoð áhorfenda. Skömmu síðar var hann aftur kominn inn, og mátti þá sjá unga fólkið víða þar sem það stóð og æpti og vaggði sér eftir hljómfallinu. Sumir piltanna voru á skyrtunni einni saman. En það var ekki til síðs á þessum tíma að gera á opinberum stöðum, eins og bíó telst vera.

Fór svo að lögregla var kölluð til sem fjarlægði fulla kallinn sem svo mikil áhrif hafði þarna innan veggja Háskólabíós og að sjá ekki til neins góðs. Þetta gerðist á meðan síðasta hljómsveit dagskrárinnar í Háskólabíó stóð á sviði og framdi sinn gjörning og er hljómsveitin Sóló. Engin ærsl eða ólæti urðu í lokin en hróp úr sal talsvert hávæð um meiri hávaða, eins og sagt var. Átt er við að fólkið hafi viljað heyra fleiri lög. Poppmúsík var oft kölluð „Eintómur hávaði“. Ekki var orðið við beiðni fólksins í salnum og því ekki um neitt annað að ræða fyrir áhorfendur nema yfirgefa húsið með allt sitt þegjandi hæsi eftir öll ópin, fjörið og skemmtilegheitin stundina á undan.

Umboðsmaur þriggja hljómsveita sem fram komu í Háskólabíói 5 mars 1964, Pétur Guðjónsson, rakari, lét hafa eftir sér við blaðamann Morgunblaðsins að fyrirhugað væri að halda tvenna aðra svona tónleika með sömu flytjendum sem yrðu haldnir í Austurbæjarbíói. Kvaðst Pétur vera ánægður með tónleikanna í Háskólabíó og aðspurður ekki hafa svo miklar áhyggjur af framkomu ungmennanna í salnum, sem bara hefðu verið þátttakendur í öllu sem þar fór fram.

Gefum umboðsmanninum orðið: „Um ólætin sagði Pétur, að unglingar væru alltaf með „galsa og gleðskap“, þegar einhver einn yrði sér til skammar á almannafæri. (Morgunblaðið 6.mars 1964)“ Munum að svona framkoma og sumpart skríslæti voru ný af nálinni hjá okkur íslendingum að engan þarf að undra þó að sumum væri brugðið og að öðrum litist ekki á né að menn spyrðu sig spurninga.

Vegna þess að uppselt hefur verið á undanfarnar skemmtanir verða

BEATLES **hljómsveitir**
ENDURTEKNIÐ

SOLO
TÓNAR
KYNIR
BALDUR OG KONNI
HLJÓMAR
J. J. OG EINAR
SAVANNA TRÍÓID

í Austurbæjarbíói í kvöld kl. 11,15 e. h.

Sala aðgöngumiða í Bókaverzlun Lárusar Blöndal í Vesturveri og Skólavörðustíg 2 og í Austurbæjarbíói.

Öll nýjustu BEATLES-lögin

Sungin m.a.: I wanna Hold your hand. It won't be long, I wanna be you lover-baby. Thank you girl. Hibby - Hibby - shake. Twist and shout she Loves you.

Síðustu Beatleshljómsveitir.

vera að um sama tilvikið sé að ræða.

Svolftið algeng auglýsing í landinu á þessu árabili og vel hægt að skilja hana þekki maður lítilsháttar til tíðarandans sem þá ríkti. Bítlaáratugurinn var tími hljómsveita og vissrar grósku í gerð tónsmíða sem og ýtti við mörgum sem ekki höfðu áður haft sig neitt í frami en gerðu þarna og gátu sér jafnvel gott orð af. Bítlarnir voru mörgum hvatning til að yrkja og semja söngva og koma þeim á framfæri og bæta með því andrúmsloftið sem fagur söngur einn fær megnað. Ekki nokkur spurning. Hvort auglýsingin vinstra megin ofar sé tengd Háskólabíós-tónleikunum sem talað var um við umboðsmann hljómsveitanna þriggja sem fram komu, veit höfundur ekki og sér ekkert sem bendir neitt sérstaklega til þess, nema sömu nöfn og þar komu fram. Að viðbættu J.J og Einari. Vel má samt

Gert til gamans og vonandi einnig upprifjunar.
Kveðja. KRF.